

Efnisyfirlit

Um Stjórnvísí.....	2
Tilgangur og markmið.....	2
Stjórn, fagráð og heiðursfélagar.....	2
Stefnukort Stjórnvísí	3
Skýrsla stjórnar 2008-2009.....	3
Faghópastarfið.....	4
Faghópar.....	4
Innra starf faghópa.....	5
Fundir faghópa (gestgjafar).....	5
Ráðstefnur og fundir.....	7
Verðlaun og viðurkenningar Stjórnvísí.....	8
Íslenska ánægjuvogin.....	8
Ársskýrsla ársins.....	9
Íslensku gæðaverðlaunin.....	9
Rekstur og starfsemi.....	10
Markaðs- og kynningarmál.....	10
Rekstur skrifstofu.....	10
Stjórnvísí 2009-2010.....	11

Um Stjórnvísí

Hlutverk Stjórnvísí

Stjórnvísí er félag sem miðlar þekkingu um stjórnun og árangursríkar aðferðir. Stjórnvísí er þannig vettvangur metnaðarfullra stjórnenda og fagstarfsmanna sem vilja miðla og meðtaka verðmæta þekkingu og reynslu til að nýta í daglegum störfum

Framtíðarsýn

Stjórnvísí er fyrsti kostur starfsmanna íslenskra fyrirtækja og stofnana við að skiptast á skoðunum og miðla af eigin reynslu um framsækna stjórnun.

Kjarnastarfsemi

Kjarnastarf Stjórnvísí fer fram í faghópum. Í dag eru 14 slíkir starfandi innan félagsins á jafnmörgum sviðum stjórnunar. Hver hópur boðar til fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem tiltekið málefni er tekið til umfjöllunar í fyrirlestra- og umræðuformi eða á annan hátt. Sjá meðfylgjandi lista yfir faghópa.

Markhópur

Markhópur félagsins eru millistjórnendur og fagstarfsmenn íslenskra fyrirtækja og stofnana.

Stjórn, fagrað og heiðursfélagar

Formaður

Einar Solheim framkvæmdastjóri rekstrarsviðs hjá Umferðarstofu

Stjórn Stjórnvísí 2008-2009

Auður Þórhallsdóttir fræðslustjóri hjá Samskipum
Baldvin Valgarðsson gæðastjóri hjá Aðföngum
Bára Sigurjónsdóttir mannauðsstjóri hjá Termu
Margrét Reynisdóttir framkvæmdastjóri hjá Gerum betur
Ólafur Finnbogason fræðslustjóri hjá Íslandspósti
Sigurjón Aðalsteinsson lögfræðingur hjá Fiskistofu


Fagrað Stjórnvísí starfsárið 2008 - 2009

Dagný Hrönn Pétursdóttir, Blue Lagoon
Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins
Elly Katrín Guðmundsdóttir, sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg
Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku
Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis
Kristinn Tryggvi Gunnarsson, Háskólanum í Reykjavík
Margrét Björnsdóttir, forstöðumaður St. stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ

Heiðursfélagar Stjórnvísí frá upphafi

Guðrún Ragnarsdóttir framkvæmdastjóri LÍN
Gunnar H. Guðmundsson framkvæmdastjóri 7.is
Guðfinna S. Bjarnadóttir fyrrverandi rektor Háskólans í Reykjavík
Hörður Sigurgestsson fyrrverandi forstjóri
Katrín Pálsdóttir forstjóri Lýsis
Pétur K. Maack framkvæmdastjóri
Valur Valsson fyrrverandi bankastjóri
Þorkell Sigurlaugsson framkvæmdastjóri Þróunarsviðs Háskólans í Reykjavík

Stefnukort Stjórnvísí



Skýrsla stjórnar 2008-2009

Starfsárið sem nú er að líða er tuttugasta og annað starfsár Stjórnvísí. Félagið sem var stofnað 9. júní 1986 hét í upphafi Gæðastjórnunarfélag Íslands en árið 2001 var nafni félagsins breytt í Stjórnvísí. Aðalmarkmið Gæðastjórnunarfélags Íslands við stofnun þess var að kynna gæðastjórnun fyrir Íslendingum en í dag starfar Stjórnvísí á um 15 mismunandi sviðum stjórnunar auk gæðastjórnunar sem ávallt skipar þó veglega sess hjá félaginu. Stjórnvísí hefur fest sig í sessi í íslensku atvinnulífi sem öflugt grasrótarfélag enda er það frjór vettvangur fyrir fagmenn og leikmenn á sviði stjórnunar til að afla sér þekkingar, og miðla af eigin reynslu um, framsækna stjórnun.

Faghópastarfið

Faghópastarfið, kjarnastarfsemi félagsins, var að vanda öflugt og blómlegt á starfsárinu sem er að líða. Alls eru 16 faghópar skráðir hjá félaginu og af þeim voru 14 með virka starfsemi síðastliðinn vetur.

Það er fagnaðarefni að þrír nýir faghópar litu dagsins ljós á starfsárinu. Það eru *Faghópur um stjórnun í sprotafyrirtækjum*, *Faghópur um straumlínustjórnun (Lean Six Sigma)* og *Faghópur um viðskiptagreind* sem stofnaður var nú á vordögum. Félagið leggur áherslu á nýsköpun í faghópastarfinu og telur eðlilegt að endurnýjun eigi sér stað í faghópaflórinni, hvoru tveggja að faghópar fæðist og deyi að loknum sínum líftíma. Þannig tryggir félagið stöðuga endurnýjun. Þess má geta að frumkvæði að stofnun nýrra faghópa kemur oftast en ekki úr grasrót félagsins og hvatt er til að svo verði áfram.

Faghópar

1. Faghópur um Samhæft árangursmat eða e. Balanced Scorecard sem Hrefna Sigríður Briem hjá Háskólanum í Reykjavík leiddi.
2. Faghópur um gæðastjórnun sem Karen S. Kristjánsdóttir hjá Íslandsbanka leiddi.
3. Faghópur um mótun og framkvæmd stefnu sem Snjólfur Ólafsson hjá Háskóla Íslands leiddi.
4. Faghópur um stjórnun á heilbrigðissviði sem Lilja Sigurðardóttir hjá LSH og Brynja Laxdal MA nemi í alþjóðaviðskiptum leiddi.
5. Faghópur um ISO staðla – ISO hópur sem Anna María Þorvaldsdóttir hjá Frumherja leiddi.
6. Faghópur um mannauðsstjórnun sem Ingibjörg Óðinsdóttir hjá Skýrr leiddi.
7. Faghópur um stjórnun á matvælasviði sem Baldvin Valgarðsson hjá Aðföngum leiddi.
8. Faghópur um EFQM árangurslíkanið (sjálfsmat fyrirtækja) en starf hópsins lá niðri á starfsárinu.
9. Faghópur um umhverfis- og öryggisstjórnun sem Harpa Birgisdóttir hjá Efla leiddi.
10. Faghópur um upplýsingaöryggi sem Björn Sigurðarson hjá Landsbankanum leiddi.
11. Faghópur um þjónustustjórnun sem Margrét Reynisdóttir hjá Gerum betur leiddi.
12. Faghópur um fjármál fyrirtækja sem Olga Eleonora Egonsdóttir hjá Icebank leiddi.
13. Faghópur um hugbúnaðarprófanir sem Sigríður B. Vilhjálmisdóttir hjá Skýrr leiddi.
14. Faghópur um straumlínustjórnun (Lean Six Sigma) sem Pétur Arason hjá Marel leiddi.
15. Faghópur um stjórnun í Sprotafyrirtækjum en hópurinn tekur formlega til starfa haustið 2009.
16. Faghópur um viðskiptagreind og á nýskipuð stjórn eftir að skipta með sér verkum.

Eins og áður hefur komið fram er faghópastarfið kjarnastarfsemi Stjórnvísí. Fyrir hönd félagsins vilja stjórn og framkvæmdastjóri þakka leiðtogum faghópanna kærlega fyrir mikilvægt starf í þágu félagsins. Þessir kraftmiklu einstaklingar

tryggja faghópum sínum brautargengi sem skilar sér í öfluglu félagsstarfi og metnaðarfullri dagskrá faghópafunda. Svo má auðvitað benda á að fagfólki finnst afar gagnlegt og heiður af að starfa sem leiðtogi í faghópum Stjórnvísir.

Innra starf faghópa

Áætlanir faghópanna um fyrirhugaða fundi stóðust mjög vel á starfsárinu og segja má að fagmennska og vönduð vinnubrögð hafi einkennt þá í alla staði. Fjöldi fundarmanna var að jafnaði á bilinu 20-50 manns en fór í allt að 100 manns á fjölmennustu fundunum en þar á mannauðshópurinn metið.

Stjórn félagsins hélt einn fund með leiðtogum faghópanna. Þar var farið yfir stöðu mála, rætt um helstu áherslur í starfinu og skipst á skoðunum. Slíkir fundir eru mikilvægur vettvangur fyrir leiðtoga faghópa til að tengjast og kynnast betur, miðla upplýsingum og leggja á ráðin um hugsanlegt samstarf.

Leiðtogum faghópa er ávallt boðið á stjórnarfundum félagsins sem haldnir eru mánaðarlega yfir vetrartímann og fá þannig tækifæri til að hafa áhrif á umræður og stefnumótandi ákvarðanir þó þeir hafi ekki atkvæðisrétt.

Eins og margoft hefur komið fram þá fer kjarnastarf Stjórnvísir fram í faghópum félagsins og því ekki úr vegi að gefa greinargott yfirlit yfir störf hópanna þetta starfsárið.

Fundir faghópa (gestgjafi)

Faghópur um Samhæft árangursmat eða Balanced Scorecard

1. Árangursstjórn og stefnumiðað árangursmat hjá Capacent. (Capacent).
2. Innleiðing Stefnumiðaðs árangursmats hjá Teris. (Teris).
3. Stefnumiðað árangursmat – aðgerðir og stöðugar framfarir hjá Umferðarstofu. (Umferðarstofa).
4. Stefnumiðað árangursmat hjá Össuri. (Össur).
5. Innleiðing stefnumiðaðs árangursmats hjá Álftamýrarskóla og Kársnesskóla. (Álftamýrarskóli).

Faghópur um gæðastjórnun

1. Afburðaárangur – einkenni afburðafyrirtækja og einkenni stjórnunaraðferða. (Opin kerfi).
2. Gæðaúttektir - dæmisögur. (Íslandsbanki).
3. The Toyota Way – heimsókn til Toyota. (Toyota).
4. Gæðamat og innleiðing gæðastjórnunarkerfis. (Menntasvið Reykjavíkurborgar).

Faghópur um mótun og framkvæmd stefnu

1. Stefnuframkvæmd – hvað ber að varast? (Landsbanki Íslands).
2. Markmið og stefna Umferðardeildar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. (LRH).
3. Atvinnustefna fyrir Ísland – fyrri fundur. (Háskóli Íslands).
4. Atvinnustefna fyrir Ísland – seinni fundur. (Háskóli Íslands).

5. Hlutverk áætlanagerðar í framkvæmd stefnu. (Háskóli Íslands).

Faghópur um stjórnun á Heilbrigðisviði

1. Forysta: Bilið á milli fræða og framkvæmdar. (Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga).
2. Heilbrigðiskerfið á viðsjárverðum tímum. (Háskóli Íslands).

ISO – faghópur um ISO staðla

1. Faggilding – ferill vottunar samkvæmt stjórnunarstöðlum. (Einkaleyfastofa).
2. ISO stjórnunarstaðlar – hvað er nýtt? (Staðlaráð).
3. Reglur og staðlar um jólin – ófaglegur gleðifundur. (Nýherji).
4. Birgjamat. (Landsvirkjun).
5. Rýni stjórnenda hjá Vífilfelli. (Vífilfell).

Faghópur um mannauðsstjórnun

1. Mannauðsstjórnun í niðursveiflu. (Ístak).
2. HRM – mælikvarðar og hitamælar stjórnandans. (Capacent).
3. Símenntunaráætlun. (Umferðarstofa).
4. Hvaða upplýsingar vilja stjórnendur fá frá mannauðsstjórum? (Norvík).
5. Stjórnendaupplýsingar úr mannauðskerfum. (Skýrr).
6. Leiðin að silfrinu: Hugarfar starfsmanna skiptir máli. (Íslandsbanki).

Faghópur um stjórnun á matvælasviði

1. Þróunarvettvangur á sviði matvæla. (Samtök iðnaðarins).
2. Umbúðir matvæla – áhætta. (Rannsóknarþjónustan Sýni).
3. Aukaefni í matvælum. (Samtök iðnaðarins).

Faghópur um umhverfis- og öryggisstjórnun

1. Umhverfis- og öryggisstjórnun hjá Actavis. (Actavis).
2. Undirbúningsferli vottunar. Kuðungurinn og Svanurinn. (Sólarræsting).
3. Vottun umhverfisstjórnunarkerfa frá sjónarhóli stjórnsýslunnar. (Umhverfisstofnun).
4. Umhverfisstjórnun hjá Orkuveitu Reykjavíkur. (OR).
5. Opinber vistvæn innkaupastefna í mótun. (Ríkiskaup).

Faghópur um upplýsingaöryggi

1. Upplýsingaöryggi – próf og gráður. (PWC).
2. Reynslusaga af innleiðingu gæðakerfis og tengsl vottunar ITIL og ISO27001. (Deloitte).
3. „Business Continuity“ eða stjórnun rekstrarsamfellu. (Nýi Landsbankinn).
4. Nýjar ógnir Internetsins: Árásir sem mest eru notaðar í dag og varnir gegn þeim. (Sensa).

Faghópur um þjónustustjórnun

1. Þjónustuver – lykill að betri þjónustu? (Garðabær).
2. Þjónusta, hvatning og þjálfun á erfiðum tímum. (ParX).
3. Skiptir þjónustan máli hjá Össurí? (Össur).
4. Þjónustustefna og gildi hjá Vínbúðunum. (ÁTVR).
5. Með ánægju! – þjónustustjórnun hjá Tryggingamiðstöðinni. (TM).

Faghópur um fjármál fyrirtækja

1. Stjórnarhættir fyrirtækja með áherslu á innra eftirlit. (PWC).
2. Gerð fjárhagsáætlana og eftirfylgni. (Össur).
3. Staða á gjaldeyrismarkaði og áhrif hennar á fyrirtækin í landinu. (Askar Capital).
4. Áhætta, (rangar) ákvarðanir og óvissa. (Háskólinn í Reykjavík).
5. Afkomumódel Brimborgar. (Brimborg).
6. Vanskilaupplýsingar um fyrirtæki, aðgangur og notkun. (CreditINFO).

Faghópur um hugbúnaðarprófanir

1. Árásir framtíðarinnar: Háþróaðar árásir og hvernig prófanir geta takmarkað áhættuna. (CCP).
2. Hittingur á Oliver. (Oliver).
3. Vefgreiningartól & The Ugly baby Syndrom. (Skýrr).
4. Hugbúnaðarprófanir hjá Teris. (Teris).

Faghópur um straumlínustjórnun (Lean Six Sigma)

1. Lean Thinking hjá Marel. (Marel).
2. Lean Thinking hjá Promens. (Promens).

Faghópur um viðskiptagreind

1. Áhættugreining hjá StatOilHydro í Noregi. (Síminn).

Ráðstefnur og fundir

Áskorun stjórnenda á nýju Íslandi var yfirskrift ráðstefnu sem Stjórnvísí stóð fyrir í nóvember og sóttu hana um 90 manns. Ráðstefnan var haldin í skugga þeirra hamfara sem þá nýverið höfðu skolið á íslensku efnahagslífi. Sex framsögumenn með fjölbreyttan bakgrunn stigu á stökk og lýstu því sem við blasti og þeim verkefnum sem framundan yrðu á borði stjórnenda. Framsögumenn voru:

Gunnar Hersveinn rithöfundur og blaðamaður
Þóranna Jónsdóttir hjá Auði Capital
Gylfi Dalmann lektor við Háskóla Íslands
Una Eyþórsdóttir sérfræðingur á mannauðssviði

Guðrún Johnsen lektor við Háskólann í Reykjavík
Eyþór Ívar Jónsson hjá Klaki nýsköpunarmiðstöð

Þjónustan er fjöreggið var heiti morgunverðarráðstefnu sem Stjórnvísí stóð fyrir á Hótel Loftleiðum í apríl. Ráðstefnan var haldin í tilefni af útkomu nýs íslensks kennslumyndbands eftir *Margréti Reynisdóttur*. Framsögumenn á fundinum voru:

Hrafnhildur Ragnarsdóttir hjá Reykjavíkurborg
Kristinn Tryggvi Gunnarsson hjá Háskólanum í Reykjavík
Margrét Reynisdóttir hjá Gerum betur
María Guðmundsdóttir hjá Samtökum ferðaþjónustunnar
Sigrún Jóhannesdóttir hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Hrannar Már *Hallkelsson* hjá *Teris*

Fundarstjóri var *Örn Arnarson* leikari en þess má geta að Örn er jafnframt þulur á kennslumyndbandinu.

Verðlaun og viðurkenningar Stjórnvísí

Íslenska ánægjuvogin (ÍÁV)

Íslenska ánægjuvogin var mæld í tíunda sinn árið 2009. Að þessu sinni var ánægja viðskiptavina 17 fyrirtækja mæld en það eru heldur færri fyrirtæki en undanfarin ár. Niðurstöður byggja á svörum um 4300 manns eða um 250 viðskiptavina hvers fyrirtæki.

Í flokki banka og sparisjóða, var *Sparisjóðurinn* í fyrsta sæti með 78,5 stig. Sparisjóðurinn hefur alltaf verið í fyrsta sæti ef frá er talið árið 2006 þegar SPRON náði fyrsta sætinu. Mest hækkun á milli ára er á einkunn Byrs sem er í öðru sæti með 77,7 stig en SPRON er í þriðja sæti með 73,6. Mikill munur er nú á einkunnum sparisjóðanna, þ.e. Sparisjóðsins, SPRON og Byrs, annars vegar og viðskiptabankanna, Glitnis sem var með 57,9, Kaupþings sem var með 55,9 og Landsbankans sem rak lestina með 51,9 stig hins vegar. Meðalánægjuvogar-einkunn sparisjóðanna er nú 77,0 stig samanborið við 55,1 stig hjá viðskiptabönkunum

Í flokki tryggingafélaga var *Tryggingamiðstöðin (TM)* í fyrsta sæti með 68,7 stig, nánast sömu einkunn og á síðasta ári. Tryggingamiðstöðin hefur alltaf verið í fyrsta sæti í þessum flokki ef frá er talið árið 2004 þegar VÍS var í fyrsta sæti. Í öðru sæti var Vörður með 65,4 stig og lækkaði lítillega á milli ára. Sjóvá, eina tryggingafélagið sem hækkar lítillega á milli ára var í þriðja sæti með 64,9 stig en í fjórða og síðasta sæti var VÍS sem lækkaði um tæp 6 stig á milli ára og var nú með 60,9 stig.

Í flokki rafveita var *Hitaveita Suðurnesja* í fyrsta sæti, sjöunda árið í röð með 69,8 stig, tæpum tveimur stigum meira en árið 2007. Fallorka var í öðru sæti með 65,1 stig og lækkar nokkuð frá fyrri mælingum. Orkuveita Reykjavíkur hækkar um 1,2 stig á milli ára og er í þriðja sæti með 64,6 stig. Lestina rekur Orkusalan með 53,1 stig og lækkar um 7,6 stig.

Í flokki smásöluverslana var *ÁTVR* í fyrsta sæti með 66,2 og hækkar um 2,3 stig á milli ára. BYKO var í öðru sæti með 59,4 stig, lækkar um tæp 6 stig á milli ára og

Í þriðja sæti var Húsasmiðjan með litlu lægri einkunn, 58,8 og lækkaði um rúm 4 stig á milli ára.

Einungis tvö fyrirtæki hækka um meira en tvö stig á milli ára, ÁTVR og Byr sparisjóður sem hækkar um 4,7 stig. Sex fyrirtæki lækka hins vegar um meira en fimm stig, en það eru BYKO og VÍS, Orkusalan og viðskiptabankarnir þeir. Kaupþing lækkar um 13 stig á milli ára, Glitnir um 14,9 og Landsbankinn um 20,7 stig.

Íslenska ánægjuvogin er félag, sem *Samtök iðnaðarins, Stjórnvísí og Capacent Gallup* standa að hvað varðar þátttöku í Evrópsku ánægjuvuginni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum, sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum, og tryggð viðskiptavina.

Í stjórn Íslensku ánægjuvogarinnar situr *Einar Thor Bjarnason* fyrir hönd Stjórnvísí og er honum þakkað gott starf í þágu félagsins.

Ársskýrsla ársins (ÁSV)

Verðlaun fyrir ársskýrslu ársins voru veitt í fjórða sinn þann 11. september 2008 í samvinnu Stjórnvísí, Félags fjárfestatengla og OMX/Nasdaq á Íslandi (Kauphöll Íslands) sem er bakhjarl verðlaunanna.

Markmið með verðlaununum er að vekja athygli á því hversu mikilvægar ársskýrslur eru fyrir fjármagnsmarkaðinn.

Dómnefnd verðlaunanna var skipuð þeim *Heimi Haraldssyni* löggiltum endurskoðanda, *Stefáni Halldórssyni* framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga og *Þorkeli Sigurlaugssyni*, framkvæmdastjóra nýsköpunar- og þróunarviðs Háskólans í Reykjavík.

Að þessu sinni komu verðlaunin í hlut *Landsbanka Íslands* en auk hans hlutu Kaupþing banki og Bakkavör Group viðurkenningu fyrir sínar ársskýrslur. Afhendingin fór fram í Gerðarsafni þann 11. september sl. og afhenti *Björgvin G. Sigurðsson*, viðskiptaráðherra verðlaunin. *Svafa Grönfeldt*, rektor Háskólans í Reykjavík flutti ávarp.

Staða Ársskýrsluverðlaunanna er tvisýn og þarf ekki að fjölyrða um ástæður þess. Ákvörðun hefur verið tekin um að verðlaunin verði ekki veitt 2009 en að öðru leyti er framtíð þeirra óráðin.

Íslensku gæðaverðlaunin (ÍGV)

Ákveðið var á árinu að hætta veitingu ÍGV í þeirri mynd sem verið hefur en verðlaunin hafa verið veitt síðan á 1997. Verðlaunin eru í endurskoðun hjá nefnd á vegum félagsins og eru uppi hugmyndir um að einfalda umsóknarferlið umtalsvert, þannig að enn fleiri fyrirtæki og stofnanir sjái sér fært að taka þátt í því. En þess má geta að umsóknarferlið sjálft stuðlar að stöðugum umbótum og frekari árangri í rekstri fyrirtækja og stofnana. Nefndina skipta Martha Árnadóttir formaður, Bára Sigurðardóttir og Ólafur Finnbogason. Áætlað er að niðurstöður muni liggja fyrir í október 2009.

Rekstur og starfsemi

Markaðs- og kynningarmál

Á starfsárinu var lögð mikil áhersla á að halda fyrirtækjum og stofnunum inni í félaginu í tengslum við það það efnahagsástand sem nú er staðreynd. Ekki er ennþá fullkomlega ljóst hvernig til muni takast en svo virðist sem félagar kunni vel að meta Stjórnvísí einmitt í þessu ástandi, því í heildina hefur félögum fjölgað um rúm 16% frá maí 2008 til maí 2009.

Haldinn var vinnufundur um markaðs- og sölumál félagsins. Auglýst var eftir áhugasömum félögum til að mynda starfshóp sem hefði það markmið að skoða vænlegar leiðir í því skyni að fjölga félögum og gera félagið almennt sýnilegra. Mikil og góð vinna fór fram í hópnum sem framkvæmdastjóri er ennþá að vinna úr og nota.

Þegar fjöldi fyrirtækja sem eru skráð í félagið var skoðaður fyrir aðalfund kom í ljós að þau eru orðin 240 talsins. Skráðum félögum hefur þannig fjölgað um 33 á milli starfsára og er það umfram markmið stjórnar og framkvæmdastjóra sem er 10% fjölgun félaga milli ára. Í tengslum við þetta er mikilvægt að nefna að skráðir notendur þjónustu Stjórnvísí eru um 525 talsins og er það í langflestum tilfellum starfsmenn aðildarfyrirtækja. Háskólanemar hafa haft frían aðgang að starfi félagsins og verður svo áfram um sinn.

Tafla yfir þróun félagsfjölda í Stjórnvísí:

Ár	2004-2005	2005-2006	2006-2007	2007-2008	2008-2009
Skráð fyrirtæki í Stjórnvísí	222	230	193	207	240

Rekstur skrifstofu

Félagið hefur einn launaðan starfsmann innan sinna vébanda sem er framkvæmdastjóri félagsins. Félagið er til húsa í Kringlunni 1 (gamla Morgunblaðshúsinu). Skrifstofa félagsins er opin kl. 09:00-17:00 virka daga.

Að lokum

Breytingar munu verða á stjórn félagsins og er fráfarandi stjórnarmönnum Einari Solheim og Ólafi Finnbogasyni þakkað gott starf í þágu félagsins.

Þá vil ég, fyrir hönd stjórnar félagsins og framkvæmdastjóra, ítreka þakkir til stjórnna faghópa fyrir afar öflugt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins sem og til þeirra aðila sem sitja í stjórnnum Íslensku ánægjuvogarinnar og Ársskýrsluverðlaunanna fyrir hönd félagsins.

Að lokum vil ég fyrir hönd Stjórnvísí þakka þeim fjölmörgu aðilum sem héldu erindi á faghópafundum, ráðstefnum og morgunverðarfundum á starfsárinu fyrir fróðleg og góð erindi. Spennandi starfsár bíður okkar handan við hornið!

Stjórnvísí 2009-2010

Formaður

Margrét Reynisdóttir framkvæmdastjóri hjá Gerum betur

Stjórn Stjórnvísí

Auður Þórhallsdóttir, fræðslustjóri hjá Samskipum

Baldvin Valgarðsson, gæðastjóri hjá Aðföngum

Bára Sigurjónsdóttir, mannauðsstjóri hjá Termu

Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar

Sigrún Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri hjá Detox

Sigurjón Aðalsteinsson, lögfræðingur hjá Fiskistofu

Fagrað Stjórnvísí starfsárið

Dagný Hrönn Pétursdóttir, Blue Lagoon

Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins

Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg

Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku

Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis

Kristinn Tryggvi Gunnarsson, Háskólanum í Reykjavík

Margrét Björnsdóttir, forstöðumaður St. stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ

Skoðunarmenn reikninga

Bára Sigurðardóttir, mannauðsstjóri hjá Termu

Olga Eleonora Egonsdóttir, fjármálahagfræðingur

F.h. stjórnar

Martha Árnadóttir

Framkvæmdastjóri Stjórnvísí

Rekstarreikningur

	Skýr.	2008	2007
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld og aðrar tekjur	1	9.241.567	11.195.210
Framlög og styrkir	2	324.030	0
Rekstrartekjur alls		<u>9.565.597</u>	<u>11.195.210</u>
Rekstrargjöld:			
Vörunotkun	6	107.745	0
Framlög og styrkir	7	0	190.000
Laun og launatengd gjöld	8	1.907.663	5.747.166
Annar rekstrarkostnaður	9	7.683.056	4.528.682
Afskriftir	10	10.297	11.441
Rekstrargjöld alls		<u>9.708.761</u>	<u>10.477.289</u>
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	(143.164)	717.921
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og verðbætur	11	274.000	127.173
Vaxtagjöld og verðbætur	12	(44.580)	(138.987)
		<u>229.420</u>	<u>(11.814)</u>
Hagnaður (tap) af reglulegri sarsfsemi		<u>86.256</u>	<u>706.107</u>
Þinggjöld	(642)	(5.416)
Hagnaður (tap) ársins		<u>85.614</u>	<u>700.691</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	2008	2007
Eignir			
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Innbú, áhöld og innréttingar	14	92.672	102.969
		<u>92.672</u>	<u>102.969</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
		<u>92.672</u>	<u>102.969</u>
	Fastafjármunir alls:	<u>92.672</u>	<u>102.969</u>
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur	16	1.581.817	1.478.012
Handbært fé	18	392.093	1.458.067
	Veltufjármunir alls	<u>1.973.910</u>	<u>2.936.079</u>
Eignir samtals		<u>2.066.582</u>	<u>3.039.048</u>

31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé:			
Órástafað eigið fé 01.01.		2.421.797	1.721.106
Kostnaður vegna ársins 2007	(965.883)	0
Hagnaður (tap) ársins		85.614	700.691
Eigið fé alls		<u>1.541.528</u>	<u>2.421.797</u>
Langtímaskuldir:			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	21	516.645 (112.481)
Ógreitt vegna starfsfólks	22	0	694.470
Virðisaukaskattur	23	7.767	7.604
Skammtímaskuldir	24	642	27.658
Skammtímaskuldir alls		<u>525.054</u>	<u>617.251</u>
Skuldir alls		<u>525.054</u>	<u>617.251</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>2.066.582</u>	<u>3.039.048</u>

Sundurliðanir með ársreikningi

	2008	2007
1. Rekstartekjur		
Félagsgjöld	7.350.150	9.950.896
Dropinn og bóksala	275.374	245.314
Ráðstefnur og fundir	613.143	0
Aðrar tekjur	1.002.900	999.000
Félagsgjöld og aðrar tekjur alls	9.241.567	11.195.210
2. Framlög og styrkir:		
Framlög: Ísl. ánægjuvögin	324.030	0
Framlög og styrkir alls	324.030	0
6. Dropinn		
Vörukaup	107.745	0
Vörunotkun alls	107.745	0
7. Framlög, styrkir og árgjöld:		
Framlög og styrkir	0	190.000
Framlög og styrkir alls	0	190.000
8. Laun og launatengd gjöld:		
Laun	1.600.000	4.870.400
Tryggingargjald	93.984	283.500
Lífeyrissjóðsframlag	160.000	438.580
Sjóðagjöld - móttframlag	47.520	144.652
Námskeið án vsk.	4.900	0
Kaffikostnaður	1.259	10.034
Laun og launatengd gjöld alls	1.907.663	5.747.166
9. Annar rekstrarkostnaður:		
Húsnæðiskostnaður:		
Húsaleiga	475.851	346.291
Viðhald húsnæðis	0	41.762
Húsnæðiskostnaður alls	475.851	388.053
Rekstur áhalda og tækja:		
Viðhald áhalda og tækja	851	26.695
Gjaldfærð áhöld og tæki	154.849	57.264
Tækjaleiga	0	54.298
Rekstur áhalda og tækja alls	155.700	138.257
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða:		
Aðkeyptur akstur sendibifreiða	0	31.100
Annar kostnaður	6.750	1.900
Aðkeyptur akstur og rekstur bifreiða alls	6.750	33.000

Sundurliðanir með ársreikningi

	2008	2007
Skrifstofukostnaður:		
Sími	129.784	79.525
GSM símar	99.861	97.597
Burðargjöld	78.502	219.160
Innlendar bækur, blöð og tímarit	53.145	14.594
Pappír, prentun og ritföng	57.160	475.951
Rekstur tölvukerfis	288.795	155.018
	<u>707.247</u>	<u>1.041.845</u>
Stjórnun og umsýsla:		
Endurskoðun og reikningsskil	262.196	92.250
Aðkeypt verktakavinna	4.265.560	0
Aðkeypt þjónusta	56.000	0
Ferðakostnaður	13.964	3.000
Ráðstefnur, málþing og aðrir viðburðir	118.873	1.274.460
Fundir á skrifstofu	37.907	0
Skipulagsfundir	22.928	57.831
Árangurstengd þóknun v/erl.	0	271.687
Aðalfundur	188.653	0
Markaðs- og kynningarmál	220.923	27.079
Auglýsingar	703.046	581.328
Gjafir og viðurkenningar	378.316	222.124
	<u>6.268.366</u>	<u>2.529.759</u>
Útgáfukostnaður:		
Dropinn útgáfukostnaður	0	383.768
Dropinn	15.567	0
Fréttabréf	43.575	0
Félagsgjöld	10.000	14.000
	<u>69.142</u>	<u>397.768</u>
Annar rekstrarkostnaður alls	7.683.056	4.528.682
10. Afskriftir:		
Afskriftir Innrétinga, áhalda og tækja	10.297	11.441
Afskriftir alls	<u>10.297</u>	<u>11.441</u>
11. Vaxtatekjur og verðbætur:		
Vaxtatekjur	274.000	127.173
Vaxtatekjur og verðbætur alls	<u>274.000</u>	<u>127.173</u>
12. Vaxtagjöld:		
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.233)	(468)
Bankakostnaður, þjónustugjöld	(7.340)	(78.105)
Dráttarvextir	(36.007)	(60.414)
Vaxtagjöld og verðbætur alls	<u>(44.580)</u>	<u>(138.987)</u>

Sundurliðanir með ársreikningi

	2008	2007
14. Innbú, áhöld og innréttingar:		
Innbú, áhöld og innréttingar 01.01.	92.672	102.969
Innbú, áhöld og innréttingar alls	<u>92.672</u>	<u>102.969</u>
16. Skammtímakröfur:		
Félagsmenn	1.542.841	1.126.181
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn	38.976	12.716
Aðrar skammtímakröfur	0	339.115
Skammtímakröfur alls	<u>1.581.817</u>	<u>1.478.012</u>
18. Handbært fé:		
SPRON 652	246.523	1.062.111
Glitnir 100944	2.420	28.076
Sparisjóður RVK 554583	13.921	11.162
Sparisjóður RVK 569686	0	250.218
SPRON 540013	106.500	106.500
SPRON 202460	22.729	0
Handbært fé alls	<u>392.093</u>	<u>1.458.067</u>
21. Viðskiptaskuldir:		
Lánardrottinnar	463.813	12.439
Lánardrottinnar verktakar	52.832	0
Ógreiddir ýmsir reikningar	0	(124.920)
Viðskiptaskuldir alls	<u>516.645</u>	<u>(112.481)</u>
22. Ógreitt vegna starfsfólks:		
Ógreidd laun	0	264.700
Ógreiddur lífeyrissjóður	0	250.102
Ógreidd sjóðagjöld	0	80.368
Ógreidd staðgreiðsla	0	99.300
Ógreitt vegna starfsfólks alls	<u>0</u>	<u>694.470</u>
23. Virðisaukaskattur:		
Uppgjörsreikningur fyrir vsk.	7.767	7.604
Virðisaukaskattur alls	<u>7.767</u>	<u>7.604</u>
24. Aðrar skammtímaskuldir:		
Ógreitt tryggingargjald	0	22.242
Reiknaðir skattar ársins	642	5.416
Skammtímaskuldir alls	<u>642</u>	<u>27.658</u>